

### 3. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 5. september 2018 kl. 20:00.

**Mættir eru:** Viktor S. Pálsson formaður, Hjalti Þorvarðarson og Sverrir Einarsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

**Forföll boðuðu:** Dýrfinna Sigurjónsdóttir og Sigrún Hreiðarsdóttir.



#### 1. Samningur um búninga Umf. Selfoss

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Jako og leggja fyrir næsta fund aðalstjórnar.

#### 2. Auglýsingar og tekjuöflun deilda

Framkvæmdastjórn leggur til að sunddeild hafi fyrstu aðkomu að sölu auglýsinga á varðturni á útisvæði við Sundhöll Selfoss. Framkvæmdastjóra falið að leita leiða til að tryggja öllum deildum viðunandi aðstöðu til tekjuöflunar með sölu auglýsinga.

#### 3. Fjármál deilda

Farið yfir stöðu fjármála deilda.

#### 4. Uppbygging íþróttamannvirkja í Sveitarfélaginu Árborg

Framkvæmdastjórn óskar eftir svörum frá bæjarstjórn Árborgar varðandi framhald á uppbyggingu íþróttamannvirkja þ.m.t. fyrirhugaða byggingu á knatthúsi á Selfossvelli. Framkvæmdastjórn vill koma á framfæri vilja félagsins til að unnið verði áfram með skýrslu sem starfshópur um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Sveitarfélaginu Árborg gaf út í júní sl. Starfshópurinn hefur starfað á vegum sveitarfélagsins frá september 2016 og á þeim tíma safnað að sér miklum upplýsingum um þarfir fyrir og leiðir að uppbyggingu íþróttamannvirkja í Árborg. Ungmennafélagið telur mikilvægt að áfram verði unnið verði markvisst að uppbyggingu íþróttamannvirkja og er ávallt tilbúið til að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að efla og bæta íþróttastarf í Árborg.

#### 5. Skipulag ferða ungmenna á vegum Umf. Selfoss erlendis

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir upplýsingum frá deildum fyrir næsta fund aðalstjórnar. Framkvæmdastjórn leggur til að í 8.-10. bekk fari hver iðkandi að hámarki einu sinni til útlanda í hverri íþróttagrein.

#### 6. Endurmenntun framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórn heimilar framkvæmdastjóra að sækja námskeiðið *Stjórnendur í þriðja geiranum* við Háskólann í Reykjavík.

#### 7. Heimsókn Umf. Selfoss til Árósa í Danmörku

15 manna hópur frá Selfossi sækir Árósa heim dagana 12.-16. september.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:30.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**